



Starfskjarastefna Reiknistofu bankanna hf.

Það er stefna Reiknistofu bankanna hf. að ráða og hafa í vinnu á hverjum tíma afburða starfsfólk. Til þess þarf félagið að hafa samkeppnishæfa starfskjarastefnu í allri starfsemi félagsins. Þessi starfskjarastefna er liður í því að gæta hagsmuna félagsins, hluthafa, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila, með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti.

1. gr. Markmið

Reiknistofa bankanna hf. leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem starfi framúrskarandi starfsfólks. Starfskjarastefna Reiknistofu bankanna hf. er sett í samræmi við ákvæði 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Henni er ætlað að treysta viðleitni félagsins til að veita afburðar þjónustu með langtíma hagsmuni félagsins, hluthafa, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila þess að leiðarljósi.

Í samræmi við þessi markmið er það megininntak starfskjarastefnu Reiknistofunnar að hún bjóði á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör og skal við ákvörðun um starfskjör horft til ábyrgðar, árangurs og afkomu félagsins.

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, forstjóra, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna Reiknistofu bankanna hf.

2. gr. Starfskjaranefnd

Í Reiknistofu bankanna starfar Starfskjaranefnd sem er skipuð tveimur stjórnarmönnum félagsins og einum sérfræðingi. Hún skal vera ráðgefandi við stjórn og forstjóra um starfskjör helstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu.

Starfskjarastefna Reiknistofu bankanna hf. er samþykkt af stjórn félagsins sem skal jafnframt leggja hana til afgreiðslu á aðalfundi félagsins þar sem hún verður borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

3. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar Reiknistofu bankanna hf., svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.



4. gr. Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi hans. Föst laun og aðrar greiðslur skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfars. Í ráðningarsamningi skal tiltaka önnur starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum. Þar skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi, árangurstengdar launagreiðslur og uppsagnarfrest.

Starfskjör forstjóra skulu endurskoðuð árlega. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu félagsins. Stefna Reiknistofu bankanna hf. er að ekki séu gerðir sérstakir starfslokasamningar við forstjóra eða aðra starfsmenn í ráðningarsamningnum, heldur gildi almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði.

5. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra. Við ákvörðun starfskjara framkvæmdastjóra skal gætt sömu sjónarmiða og fram koma í 1. og 4. gr. Forstjóri gerir tillögur um launaramma fyrir framkvæmdastjóra í samráði við starfskjaranefnd.

6. gr. Endurskoðun

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar. Á næsta aðalfundi ber stjórn að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Frávík frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

7. gr. Upplýsingagjöf

Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Þessi starfskjarastefna er kynnt og samþykkt á aðalfundi Reiknistofu bankanna hf. þann 20. mars 2018 og skal hún birt á heimasíðu félagsins.“